



**Kveðja
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Kæru Súðvíkingar.

Ég sendi ykkur einlæga samúðarkveðju og votta minningu þeirra, sem létust í snjóflóðinu, virðingu íslensku þjóðarinnar.

Fjölskyldur þeirra og vinir, reyndar byggðin öll, hafa lengi átt um sárt að binda. Sum sár gróa aldrei, en samt munu Íslendingar um alla framtíð sækja kjark og fyrirmyndir til baráttunnar við náttúruöflin sem háð var í Súðavík, í endurreisn byggðarinnar og samstöðu íbúanna.

Bestu kveðjur

A handwritten signature in black ink, which appears to be the name Ólafur Ragnar Grímsson.

Bessastöðum, 16. janúar 2015